

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra um skil á tilkynningu um skil á ríki-fyrir-ríki skýrslu.

Tilkynningaskyldir aðilar, sbr. 4. og 5. mgr. 91. gr. a. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu innan mánaðar frá lokum reikningsárs á árinu 2022 tilkynna ríkisskattstjóra hvaða félag í samstæðunni skili ríki-fyrir-ríki skýrslu um skattskil og um heimilisfestarríki þess félags. Jafnframt skal tilgreina sérstaklega ef hið tilkynningarskylda félag er móðurfélag heildarsamstæðunnar eða staðgöngufélag móðurfélags.

Tilkynningu samkvæmt auglýsingu þessari skal skilað með því að senda eyðublaðið RSK 4.31 á netfangið: milliverdlagning@skatturinn.is.

Allar fyrirspurnir vegna framangreindra skila má senda á netfangið: milliverdlagning@skatturinn.is.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt 91. gr. a. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 20. desember 2021.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2021